

**Fjármálaráðherra
og
Sjúkraliðafélag Íslands**

Gera með sér svofellt samkomulag undirritað 8. desember 1992

1. gr.

Samkvæmt þessu samkomulagi teljast þeir trúnaðarmenn í skilningi laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem eru:

1.1 kjörnir trúnaðarmenn skv. 28. gr. þeirra laga sbr. einnig 2. gr. þessa samkomulags.

1.2 kjörnir trúnaðarmenn skv. 2. gr. þessa samkomulags,

1.3 kjörnir stjórnarmenn stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra,

1.4 kjörnir samninganefndarmenn stéttarfélag.

2. gr.

Trúnaðarmenn má kjósa fyrir svæði ef vinnustaðir uppfylla ekki fjöldaskilyrði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 94/1986. Trúnaðarmann má kjósa fyrir hverja þrjá vinnustaði þar sem áður nefnd fjöldaskilyrði eru uppfyllt.

Á þeim vinnustöðum þar sem starfsmenn vinna samkvæmt mismunandi vinnutímakerfum, skal þrátt fyrir ákvæði 28. gr. laga nr. 94/1986, kjósa einn trúnaðarmann hið minnsta fyrir hvert vinnutímakerfi.

3. gr.

Trúnaðarmönnum skal heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að eina viku einu sinni á ári án skerðingar á reglubundnum launum.

Þeir sem kjörnir eru í samninganefnd fá leyfi til að sinna því verkefni án skerðingar á reglubundnum launum.

Í öllum framangreindum tilvikum skal tilkynna yfirmanni stofnunar um slíkar fjarvistir með eðlilegum fyrirvara.

4. gr.

Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að trúnaðarmenn og stéttarfélög geti haldið vinnustaðafundi enda séu slíkir fundir ekki til verulegs ónæðis fyrir starfsemi eða þjónustu viðkomandi stofnunar.

Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að starfsmenn geti sótt námskeið um félagsleg málefni sem haldin eru á vegum viðkomandi stéttarfélags eða heildarsamtaka og fái til þess leyfi frá störfum án skerðingar á reglubundnum launum.

5. gr.

Óski annar hvor aðila eftir breytingu á samkomulagi þessu, skal hann kynna gagnaðila þær skriflega. Takist ekki samkomulag innan þriggja mánaða getur hvor aðila um sig innan einnar viku sagt upp samkomulagi þess með 1 mánaðar fyrirvara. Reykjavík, 8. desember 1992

F.h. fjármálaráðherra

Birgir Guðjónsson

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir